

.....

TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna

.....



í Seltjarnarneskirkju
sunnudaginn 24. maí 2009
kl. 17:00

Einleikari: Sturlaugur Jón Björnsson

Stjórnandi: Oliver Kentish

Aðgangseyrir er kr. 1500, frítt fyrir börn,
afsláttarverð kr. 500 fyrir nemendur og eldri borgara.

.....



Efnisskrá:

Wolfgang Amadeus Mozart:

Hornkonsert nr. 3 í Es-dúr, K 447

Allegro

Romanze, Larghetto

Allegro

Alan Hovhaness:

Sinfónía nr. 6, „Celestial Gate“ (frumflutningur á Íslandi)

- HLÉ -

Johann Sebastian Bach:

Hljómsveitarsvíta nr. 3 í D-dúr, BWV 1068

Overtüre

Air

Gavotte I, II

Bourrée

Gigue



UM EFNISKRÁNA



Wolfgang Amadeus Mozart.

Wolfgang Amadeus Mozart (1756-1791) skrifaði fjölda einleikskonserta fyrir ýmis hljóðfæri. Marga þeirra samdi hann til þess að flytja sjálfur en aðra samdi hann fyrir vini sína. Þekktir eru fjórir konsertar fyrir horn, allir samdir skömmu eftir að Mozart fluttist til Vínarborgar. Þar naut hann sívaxandi vinsælda, hann gifti sig og lífið lék við hann. Hornkonsertana samdi hann fyrir æskuvin sinn, Joseph Leutgeb, snjallan hornleikara ef marka má einleikspartana sem honum var ætlað að leika. Hafa verður í huga að hornið sem leikið var á á þessum tíma var náttúruhorn, án ventla. Brúa varð bilið á milli náttúrutónanna með vörnum og með því að setja hendina inn í bjölluna á horninu. Einfaldur tónstigi gat vafist fyrir mönnum. Þrátt fyrir allar tæknilegar endurbætur á horninu þykja konsertar Mozarts enn gera miklar kröfur til einleikarans. Ef til vill var Mozart svolítið að stríða vini sínum á köflum. Í handriti að einum konsertanna eru athugasemdir á nokkrum stöðum: „Koma svo“ – „fljótur“ – „haltu áfram“ – „vertu nú vænn“ – „hugrekki!“. Og nálægt lokahápunktinum: „Asni“ – „og eina rollutrillu –tillúinn?“ „Guði sé lof – nóg-nóg!“.

Alan Hovhaness (1911-2000) fæddist í Somerville í Massachusetts í Bandaríkjunum en var af armensku bergi brotinn. Hann þykir með merkustu tónskáldum síðustu aldar og örugglega eitt hið afkastamesta. Eftir hann liggja meira en 500 tölusett tónverk, þar af 67 sinfóníur. Tónverk hans eru samin fyrir margskonar hljóðfærahópa, stóra og smáa. Tónlistin er líka fjölbreytileg þótt höfundareinkenningin þyki sterk. Sjálfur skipaði Hovhaness sér nokkuð utangarðs í tónlistarheiminum. Hann fór sínar eigin leiðir í tónsköpuninni, leiddi hjá sér tískustrauma raðtónlistar og tólftónakerfis. Hann hneigðist til að nota einfaldar, fallegar laglínur og undirliggjandi hljóma, þótt vissulega tæki hann framúrstefnulega spretti inn á milli. Að sumu leyti má líta á hann sem undanfara og forboða mínimalistanna sem síðar komu eins og Taveners, og Arvo Pärt sem áheyrendur fengu að njóta á síðustu tónleikum Sinfóníuhljómssveitar



Alan Hovhaness með konu sinni, Nari.

áhugamanna. Seinni hluta ævinnar varð hann fyrir æ meiri áhrifum af austurlenskri tónlist, t.d. indverskri, japanskri og kóreskri, og kannaði samband hennar við heimspeki og trúarbrögð. Hið mikla magn tónsmíða, sem eftir Hovhaness liggur, má að nokkru þakka því að hann byrjaði snemma að semja og hélt starfsþreki fram á gamals aldur. Sagt er að hann hafi byrjað að skrifa

nótur fjögurra ára, svo mikið hafi honum legið á að festa hugmyndir sínar á blað. Þó sínfóniurnar hafi orðið margar byrjaði hann ekki á þeim fyrir alvöru fyrr en á miðjum aldri. Fyrsta sínfónían varð til árið 1936, sú númer tvö 19 árum seinna. Eftir það komu þær hver á fætur annarri. Sjötta sínfónían, sem hér er flutt, var samin 1959 og var frumflutt fyrir nákvæmlega 50 árum. Vegur tónskáldsins stóð þá með nokkrum blóma en upp úr því tók hann að dala. Á síðustu árum hefur orðið talsverð endurvakning á verkum hans. Forystu í því starfi hefur píanóleikarinn Martin Berkofsky en hann er Íslendingum vel kunnur frá því að hann bjó hér á landi um skeið.

Á tímabilinu 1717-23 var **Johann Sebastian Bach** (1685-1750) í þjónustu veraldlegs höfðingja, Leopolds af Anhalt-Köthen, og hafði yfir að ráða góðri hljómsveit. Á þessum árum samdi hann því sum af mestu meistaraverkum sínum fyrir hljóðfæri og stærri tónlistarhópa. Þá samdi hann m.a. Brandenburgarkonsertana, verk fyrir sembal, selló, flautu og lútu, fiðlukonserta og líklega tvær af hljómsveitarsvítunum, nr. 1 og 2. Svítur nr. 3 og 4 bera merki þess að vera samdar síðar, líklega á fyrstu árum Bachs sem kantors við Tómasarkirkjuna í Leipzig. Bach kallaði hljómsveitarsvíturnar fjórar stundum forleiki eða Overtüren en það orð á strangt til tekið aðeins við um fyrsta kaflann í þeim, sem er langur og í stíl svokallaðra franskra forleikja. Á eftir fylgja nokkrir styttri kaflar í danstakti. Þetta form hljómsveitartónlistar var vinsælt á tímum Bachs og sömdu tónskáld mörg slík verk. Telemann samdi t.d. um 200 hljómsveitarsvítur á árunum

1704-06. Tilefnið var að greifinn, sem greiddi honum laun, hafði farið til Frakklands og heillast af þessu tónlistarformi. Forleikurinn í svítum Bachs er jafnan þrískiptur, hefst á hægum en hrynföstum inngangi sem fylgt er eftir með hraðri fúgu. Í lokin er síðan horfið aftur til upphafsstefsins. Í þriðju svítunni skýtur Bach inn eins konar sönglagi, Air, sem orðið hefur eitt vinsælasta og mest notaða verk tónbókmenntanna og er til í mörgum útsetningum. Það er undurfögur laglína byggð ofan á gangandi bassalínu. Danskaflarnir eru stílfærðar útgáfur af dönsnum sem tíðkuðust í Evrópu. Gavotte var upphaflega franskur dans sem dró nafn sitt af Gavot-þjóðflokknum í Dauphiné. Dansinn er í meðalhröðum, tví- eða fjórskiptum takti. Bourrée er einnig af frönskum uppruna. Það var hraður dans í tvískiptum takti. Danskaflarnir eru oft tvöfaldir. Fyrri hlutinn er leikinn með endurtekningum, þá seinni hlutinn, líka með endurtekningum. Að lokum er fyrri hlutinn leikinn aftur en án endurtekninga. Gigue er gjarnan höfð síðust í svítunum enda hröð og lifleg. Hún á uppruna í dansinum jig á Bretlandseyjum og er í hröðum þrískiptum takti. Orðið er samstofna orðinu gígja, og samsvarandi orðum í germönskum málum, sem merkir fiðla.

EINLEIKARINN



Sturlaugur Jón Björnsson fæddist árið 1981. Sex ára að aldri hóf hann að læra á píanó við Tónlistarskólann í Keflavík og árið 1993 byrjaði hann að læra á horn hjá Lilju Valdimarsdóttur. Árin 1997-2003 lærði hann hjá Joseph Ognibene í Tónlistarskólanum í Reykjavík. Eftir útskrift vorið 2003 hóf Sturlaugur nám við Boston University undir handleiðslu Eric Ruske. Hann útskrifaðist þaðan vorið 2005 með meistaragráðu í hornleik. Hann er nú búsettur í

Reykjavík og starfar sem hornleikari og tónlistarkennari.

Sturlaugur hefur verið lausráðinn hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 1999. Meðal þeirra fjölmörgu hljómsveita sem hann hefur leikið með eru Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Hljómsveit Óperustúdíós Austurlands, New England Youth Ensemble, Deutsch-Scandinavische Jugend Philharmonie,

European Youth Jazz Ensemble, Orkester Norden og hljómsveit Benna Hemm Hemm, auk þess sem hann hefur tekið þátt í ýmsum námskeiðum. Sturlaugur vann hornstöðu við Thayer Symphony Orchestra í Leominster, Massachusetts haustið 2004. Með ofangreindum hljómsveitum hefur Sturlaugur farið í tónleikaferðir víðsvegar um Evrópu, Ameríku, Afríku og Asíu. Sturlaugur hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna á fjölmörgum tónleikum hennar síðustu árin, og leikur m.a. á hljómdiski hennar, Carmina burana.

HLJÓMSVEITIN KYNNIR SIG:



Hildigunnur Rúnarsdóttir stundaði nám við tónfræðadeild Tónlistarskólans í Reykjavík með tónsmíðar sem aðalgrein og lauk þaðan prófi vorið 1989. Síðan nam hún tónsmíðar hjá Professor Günter Friedrichs í Hamborg og Svend Hvidtfelt Nielsen í Kaupmannahöfn. Hildigunnur hefur starfað mikið með ýmsum kórum, þ.á.m. sönghópnum Hljómeyki. Meðal tónverka sem hún hefur samið eru Blandaðir dansar fyrir hljómsveit, Konsert fyrir orgel, strengi og slagverk (hvort tveggja skrifað fyrir Sinfóníuhljómsveit áhugamanna og frumflutt af henni) og Messa í minningu Guðbrands Þorlákssonar, fyrir kór, einsöngvara og hljómsveit. Einnig liggur eftir hana fjöldi kórverka og sönglaga. Sumrin 1994 og 1997 voru verk Hildigunnar, Syngur sumarregn, fyrir kór og sópran sóló, og Andvökunótt, fyrir kór og barítón sóló, valin á geisladiska kórahátíðarinnar Europa Cantat. Hildigunnur starfar nú við tónsmíðar, kennslu og söng í Reykjavík ásamt því að sitja í stjórn Íslenskrar tónverkamiðstöðvar. Hún hefur starfað með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna frá ómunatíð og stundum verið konsertmeistari sveitarinnar. Hún hefur einnig stjórnað henni á tónleikum. Konsert Hildigunnar fyrir orgel, strengi og slagverk er fánlegur á geisladiski sem hljómsveitin gaf út 2002 undir stjórn Ingvars Jónassonar. Einleikari er Lenka Mátéová.

Hrefna Guðmundsdóttir byrjaði sinn tónlistarferil 9 ára þegar hún barðist í gegnum píanónám og lauk því ári síðar þegar hún sagði sig sjálf úr náminu. Ári



síðan naut hún handleiðslu Egils Friðleifssonar þegar hún söng með Kór Öldutúnsskóla. Á menntaskólaárunum söng hún með Pólyfónkórnum og í framhaldi af því sótti hún söngtíma hjá Sigrúnu Hjálmtýsdóttur í Söngskólanum þar sem hún lauk 3. stigi í söng. Eiginlegt hljóðfæranám byrjaði með tónlistarnámi elsta sonar hennar. Frá árinu 2002 hefur Hrefna fylgst með í sellótímum Örnólfs Kristjánssonar sem handleiðir son hennar samkvæmt aðferð Shinichi Suzuki í Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Sjálf hefur hún síðan sótt sellótíma (stopult að vísu) hjá Örnólfi Kristjánssyni frá haustinu 2005. Hrefna stofnaði foreldrahljómsveit í Tónskóla Sigursveins og er það grunnurinn í strengjalandinu Blúndur og bogar, sem leikur léttklassísk verk og sívinsæl dægurlög. Hrefna hefur starfað með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna frá vorinu 2007. Á milli sellótíma og æfinga í hljómsveitinni starfar hún sem lækni á Landspítalanum.



Barclay Anderson er fæddur og uppalinn í Bandaríkjunum og er enskan hans móðurmál. Hann talar einnig frönsku, þýsku, lúxemborgsku og íslensku. Barclay hefur verið búsettur á Íslandi í hartnær tvo áratugi, þar áður var hann í 12 ár í Lúxemborg og starfaði sem vaktstjóri hjá Flugleiðum á Findel-flugvelli. Barclay er fjölmenntaður, hefur gráðu í tónlist frá Tónlistarháskólanum í Lúxemborg, BA-gráður í frönsku og þýsku frá California State University at Hayward, kennslu- og uppeldisfræði frá Akureyri og MA-gráðu í alþjóðatengslum frá Brussel School of International Studies. Auk þess hefur hann stundað nám í frönskum bókmenntum í Lyon. Hann hefur verið framhaldsskólakennari á Húsavík og tónlistarkennari á Akranesi, auk þess að starfa í farþegaþjónustu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar í Keflavík. Barclay hefur leikið á klarinett með ýmsum kvartettum, einnig lék hann með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands í nokkur ár. Hann hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna síðan 2007.

Frekari upplýsingar um starf hljómsveitarinnar má finna á vefsíðu hennar:
www.ahugasinfonia.is

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistarar: Helga Ragnheiður Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga Ragnheiður Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Sigrún Andrésdóttir
Marie-Léonie Mortamet
Anna von Heynitz
Rós Pétursdóttir
Inger Helga Valdemarsdóttir
Jóhannes Vollertsen

2. fiðla

Páll E. Ingvarsson
Jónína Þ. Thorarensen
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Erna Másdóttir
Jóhanna Cortes Andrésdóttir
Halla Björg Baldursdóttir
Brynhildur Höskuldsdóttir

Vióla

Sólvi Karlsson
Hanna Kaasalainen
Eydís Ýr Rosenkjær
Súsanna Ernst Friðriksdóttir

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Brynja Cortes Andrésdóttir
Hrefna Guðmundsdóttir
Kristín Thoroddsen

Kontrabassi

Dean Ferrell
Kjartan Guðnason
Árni Arnórsson

Flauta

Kristrún Helga Björnsdóttir

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Guðrún Másdóttir

Klarinett

Barclay Anderson
Súsanna Ernst Friðriksdóttir

Fagott

Kristín Mjöll Jakobsdóttir
Þórður Magnús Tryggvason

Horn

Halldór Bjarki Arnarson

Trompet

Baldvin Oddsson
Steinar Matthías Kristinsson
Snorri Valsson

Pákur

Frank Aarnink

Slagverk

Sigríður Ösp Sigurðardóttir

Harpa

Sólveig Thoroddsen

Semball

Douglas Brotchie

Næstu tónleikar hljómsveitarinnar verða haldnir í Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 11. október klukkan 17. Þá verða flutt tvö ný verk eftir Oliver Kentish og sínfónía nr. 9 eftir Dvorák. Einleikarar verða Baldvin Oddsson á trompet og Magnús Pálsson á klarinett og stjórnandi verður Oliver Kentish.

Hljómsveitin þakkar

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju og Sínfóníuhljómsveit Íslands ómetanlegan stuðning.

